

Sp.

970. Skýrsla

viðskiptaráðherra um framkvæmd II. kafla laga um jöfnun og lækkun hitunar-
kostnaðar.

(Lögð fyrir Alþingi í maí 1981.)

Lög um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar nr. 53/1980 tóku gildi í maí 1980. II. kafli laganna fjallar um oliustyrk. Reglugerð nr. 323 um úthlutun oliustyrks var gefin út 25. júní 1980. Giltu lögín og reglugerðin um úthlutun oliustyrks frá og með 2. ársfjórðungi 1980. Í lögnum og reglugerðinni felast ýmsar breytingar frá eldri reglum, einkum að því er snertir úthlutun styrksins. Er líklegt að styrkjum fækki nokkuð frá því sem verið hefði eftir eldri reglum.

Oliustyrkur greiðist ársfjórðungslega. Á 2. ársfjórðungi 1980 voru greiddar kr. 717 946 317 í oliustyrk. Til einstaklinga voru greiddar kr. 672 354 292, sem samsvavar 33 618 oliustyrkjum. Til skóla voru greiddar kr. 17 757 020 og til rafveitna kr. 27 835 005. Hver oliustyrkur til einstaklinga nam kr. 20 000 á 2. ársfjórðungi, skólum voru greiddar kr. 116 pr. m³ og rafveitur fengu kr. 15 pr. l. af þeirri olíu, sem talið er að hafi farið til framleiðslu rafmagns til upphitunar íbúðarhúsnæðis. Þess má geta, að þegar greiðsla oliustyrks hófst 1974 voru styrkþegar rúml. 90 000, þannig að mikið hefur áunnist hvað snertir notkun annarra orkugjafa en olíu til upphitunar íbúðarhúsnæðis.

Í 3. og 4. málsgrein 2. greinar reglugerðar nr. 323, 25. júní 1980, um úthlutun oliustyrks, segir svo:

„Oliustyrkur greiðist ekki þeim, sem kost eiga á hitaveitu, fjarvarmaveitu eða rafhitun. Viðkomandi orkuveita sker úr hvort húseign á kost á öðrum orkugjafa en olíu.

Oliustyrkur fellur niður frá og með þeim ársfjórðungi, sem kostur er að fá orku frá ofangreindum orkuveitum“.

Framkvæmd þessara ákvæða reynist erfiðust að því er snertir þá, sem kost eiga á rafhitun. Strax þegar lögín og reglugerðin komu til framkvæmda var felldur niður oliustyrkur til þeirra, sem notuðu rafmagn að hluta, en olíu að öðru leyti til upphitunar.

Í byrjun desember 1980 ritaði ráðuneytið sveitarstjórnnum bréf þar sem þeim var tjáð, að stefnt yrði að því að fella niður oliustyrk frá og með 2. ársfjórðungi 1981 til þeirra, sem kost eiga á rafhitun af hálfu rafveitnanna. Ætlast er til að viðkomandi orkuveita votti, að kostur sé á rafmagni til hitunar af hennar hálfu fyrir viðkomandi íbúðarhúsnæði. Þetta á þó ekki við um þá staði, sem eru að leysa húsahtun með hitaveitum eða fjarvarmaveitum, þannig að oliustyrkur verði greiddur áfram, ef líkur eru til að menn eigi kost á orku frá þessum veitum.

Oliustyrkur var kr. 20 000 á mann á ársfjórðungi allt árið 1980 og hefur verið kr. 200 í ársfjórðung 1981. Hæpið hefur þótt að hækka hann vegna viðleitni til að auka notkun raforku til húsahtunar.

Gasoliuverð til húshitunar á 2. ársfjórðungi 1981 var kr. 2.60 pr. l. Miðað við 4ra manna fjölskyldu í 400 m³ húsnæði má áætla að olíukostnaður yrði kr. 13 520 á ári, en olíustyrkur nam með núgildandi taxta kr. 3 200 eða 23.7% af kostnaði, ef miðað er við 13 l. notkun á m³.

Viðskiptaráðherra mun á næstunni skipa nefnd með fulltrúum þingflokkanna til endurskoðunar laganna um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

Segja má, að framkvæmd ákvæða laganna um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar hafi gengið snurðulaust fram að þessu og sveitarstjórnir hafa ætíð verið samvinnuþýðar um framkvæmd þeirra.

Rétt þykir að gefa yfirlit um heildarfjárhæð samkvæmt ríkisreikningi, sem varið hefur verið til þessara mála frá upphafi.

Árið 1974	kr. 649 522 000	eða 1.58%	af gjöldum ríkissjóðs			
— 1975	— 1 070 141 000	— 1.83%	—	—	—	—
— 1976	— 1 356 951 000	— 1.90%	—	—	—	—
— 1977	— 743 425 000	— 0.72%	—	—	—	—
— 1978	— 693 880 000	— 0.42%	—	—	—	—
— 1979	— 2 071 037 000	— 0.83%	—	—	—	—
— 1980	— 3 067 000 000	— 0.81%	—	—	—	—

Þess ber að gæta að greiðslur færast misjafnt á milli ára.

Á árunum 1974—1976 var 1% af söluskattsstofni varið til að draga úr áhrifum oliuverðhækkana. 1974 og til 1. mars 1975 var tekjum af þessu varið til að styrkja einstaklinga og rafveitur, en frá 1. mars 1975 skyldi Orkusjóður fá afgang, þegar þessum aðilum hafði verið greitt það, sem þeim var úthlutað. Gilti sú skipan til ársloka 1976.

Olíustyrkur til einstaklinga hefur verið sem hér segir (einfaldur styrkur):

1. mars 1974—28. febr. 1975	kr. 7 800
1. mars 1975—28. febr. 1976	— 8 200
1. mars 1976—31. des. 1976	— 8 025
1977	— 10 375
1978	— 10 500
1979	— 46 700
1980	— 80 000